

Reykjavík, 27. nóvember 2020

SFS2020060070

197. fundur

HG/img/khó

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Skil á starfsáætlunum leikskóla 2020-2021

Þann 27. nóvember 2020 hafa 63 leikskólar Reykjavíkurborgar skilað inn starfsáætlunum fyrir starfsárið 2020-2021, þar með taldir 3 sameinaðir leik- og grunnskólar. 16 sjálfstætt reknir leikskólar í Reykjavík hafa skilað starfsáætlun.

Eftirtaldir leikskólar hafa skilað inn starfsáætlun:

Leikskólar Reykjavíkurborgar:

Austurborg, Álftaborg, Árborg, Bakkaborg, Bjartahlíð, Blásalir, Borg, Brákarborg, Brekkuborg, Drafnarsteinn, Engjaborg, Fífuborg, Funaborg, Furuskógur, Garðaborg, Geislabaugur, Grandaborg, Grænaborg, Gullborg, Hagaborg, Hálsaskógur, Heiðarborg, Hlíð, Hof, Holt, Hólaborg, Hraunborg, Hulduheimar, Jöklaborg, Jörfi, Klambrar, Klettaborg, Kvistaborg, Langholt, Laufskálar, Laugasól, Lyngheimar, Maríuborg, Miðborg, Múlaborg, Nes, Nóaborg, Rauðaborg, Rauðhóll, Reynisholt, Rofaborg, Seljaborg, Seljakot, Sólborg, Stakkaborg, Steinahlíð, Suðurborg, Sunnuás, Sunnufold, Sæborg, Tjörn, Vesturborg, Vinagerði, Ægisborg og Ösp.

Sameinaðir leik- og grunnskólar sem skilað hafa starfsáætlun:

Dalskóli, Klébergsskóli (leikskólinn Berg) og Ártúnsskóli

Eftirfarandi leikskólar hafa ekki skilað umsögn foreldraráðs:

Bakkaborg, Furuskógur og Hlíð.

Eftirtaldir sjálfstætt reknir leikskólar hafa skilað inn starfsáætlun:

Askja, Ungbarnaskólinn Ársól, Barnaheimilið Ós, Fossakot, Korpukot, Krílasel, Laufásborg, Leikgarður Lundur, Mánagarður, Regnboginn, Skerjagarður, Sólgarður, Sælukot, Vinagarður, Vinaminni og Waldorfleikskólinn Sólstafir.

Starfsáætlanir 2020-2021 eru yfirfarnar í samræmi við leikskólalög nr. 90/2008, aðalnámskrá leikskóla 2011, menntastefnu Reykjavíkur og tilmæli skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur um starfsáætlanir leikskóla Reykjavíkur.

Allir leikskólar fá senda skriflega umsögn um starfsáætlunina. Í bréfinu kemur fram að boðið er upp á eftirfylgni og ráðgjöf ef stjórnendur óska eftir frekari umræðu um innihald starfsáætlunar.

Styrkleikar

Fleiri og fleiri starfsáætlanir einkennast af samstarfi við vinnu starfsáætlunar og hlutverk deildarstjóra í þeirri vinnu kemur betur fram.

Markvissara innramat og eftirfylgni á starfi leikskólans með umbótaáætlun fyrir hverja deild. Meirihluti leikskóla skilar inn starfsáætlun fyrir haustið eða í júní, júlí, ágúst og byrjun september.

Dæmi um umbótavinnu næsta árs á deildum:

Leikskólinn Hof

Umbótaþættir Guladeild	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Vinna með íslensku máhljóðin (Lubbi) og orðaspjalli. TRAS	Að börnin nái góðu valdi á íslensku máhljóðunum. Að auka orðaforða barnanna með orðaspjalli.	Fylla út TRAS út fyrir hvert barn og athuga með máhljóða-mælinn ef þurfa þykir. Höfum eitt máhljóð á viku. Vinnum með Lubba boxin og spillin. Syngjum og lesum út Lubba-bókinni.	Byrjum í september og ljúkum við áramót	Deildarstjóri ber ábyrgð en allir starfsmenn deildarinnar koma að vinnunni. Lilja ef þarf að prófa máhljóða-mælinn.	Umræða á deildar-fundum. Nota TRAS á deildarfundum til að umræðu	Að allir starfsmenn finni sig örugga að vinnu með máhljóðin. Að við náum að virkja áhuga barnanna. Að TRAS listinn verði öflugt vinnugang á deildinni
Samstarf milli deilda	Að börn í sama árgangi kynnist og hittist reglulega yfir veturinn.	Bæði með ferðum og leik inni á deildum. Hægt að hafa sameiginlegar söngstundir yfir veturinn	Byrjum í sept. og ljúkum við áramót	Deildarstjóri ber ábyrgð en allir starfsmenn deildarinnar koma að vinnunni	Umræða á deildar og árganga-fundum.	Að börnin þekkist og leiki saman óháð deild og finni sig örugg.
Þjódardagar	Að börnin kynnist betur menningu þeirra landa sem tengjast leikskólanum	Með tónlist, hreyfingu, matarræði og ýmsum upp-lýsingum um önnur lönd. Höldum upp á alþjóðlega móðurmálsdagi nn með því að bjóða foreldrum að koma og lesa fyrir börnin á sínu móðurmáli.	Byrjum í ágúst og ljúkum við áramót	Deildarstjóri ber ábyrgð en allir starfsmenn deildarinnar koma að vinnunni.	Umræða á deildar fundum.	Að starfsfólk leggi sig fram við að kynnst öðrum löndum. Að börnin skilji að það eru fullt af löndum sem gaman er að fræðast um. Að þau beri virðingu fyrir ólíkri menningu og tungumálum
Sjálfsefning, félagsfærni og samskipti	Aðstoða börnin í að umgangast aðra og hafa samskiptin jákvæð. Að þau æfi sig í að koma skoðunum sínum á framfæri á jákvæðan hátt og hafi trú á eigin getu. Að þau læri að virða skoðanir annarra.	Með hópastarfi, umræða í samveru-stundum, á morgunfundum. Tengja barnasáttmálan n inn í Gera félags-færnisögur	Byrjum í ágúst og ljúkum við áramót	Deildarstjóri ber ábyrgð en allir starfsmenn deildarinnar koma að vinnunni.	Umræða á deildar fundum. Fylla reglulega út þá lista sem tengjast verkefninu hvert líf er einstakt	Að börnin læri að sýna jákvæð samskipti að þau verði öflugir einstaklingar sem hafa trú á eigin getu og tjái sig á jákvæðan hátt.

Sjálfstætt starfandi leikskóli; Ungbarnaleikskólinn Ársól

Umbótaþættir SJÓNARHÓLL	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Sjálfshjálp og velliðan barna	Bæta velliðan barna og veita þeim aukin tækifæri til að efla sig í sjálfshjálp	Ræða saman um hvernig tækifæri verða sköpuð og hvernig við viljum að framvindan verði. Bæta ofan á fyrri reynslu. Setja upp færnilista.	Nóvember 2020 – apríl 2021	Starfsmenn deildarinnar	Skráning og deildarfundir	Þegar börnin eru farin að taka frumkvæði í sjálfshjálp
Deildarfundir 1x í mánuði	Taka stöðuna á deildinni og fá að heyra hugmyndir og annað frá starfsfólki	Hafa fasta daga fyrir fund, t.d. fyrsta mánudag í mánuði	Skólaárið 2020-21	Deildarstjóri	Endurmat gert í lok skólaárs um hvernig gekk	Að fundargerð sé gerð eftir hvern fund
Vínáttu- verkefnið Blær	Vinna á markvissari hátt með Blæ í hópastarfi og/eða í sérstökum Blæ- stundum	Að starfsmenn deildarinnar kynni sér Blæ nánar og prófi sig áfram með mismunandi verkefni tengdum Blæ	Er alltaf í gangi	Deildarstjóri ber ábyrgð að allir fái tækifæri að að kynna sér efnið. Hópstjórar bera ábyrgð á að sinna Blæ reglulega	Endurmat verður gert á vorönn 2021	Að börnin þekki Blæ og læri af honum

Tækifæri til umbóta

Senda fyrir leiðbeiningar og starfsáætlunarform til leikskólanna með þeim áherslum sem óskað er eftir frá skóla- og frístundasviði.

Lærdómssamfélög um starfsáætlun verði mynduð vorið 2021 í hverju hverfi eins og áætlað var vorið 2020.